

Mátis ohf.
Sólveig Krogh Pétursdóttir
Vínlandsleið 12
113 Reykjavík



Haukadal, 9. september 2016
UST201608-151/L.K.
09.05.01

Efni: Leyfi til rannsókna á Geysissvæðinu

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Sólveigar Krogh Pétursdóttur fyrir hönd Matís ohf., dags. 30. ágúst 2016, um leyfi til rannsókna á Geysissvæðinu, frá 12. - 30. október 2016.

Umhverfisstofnun fer með umsjón landsvæðis ríkisins á Geysissvæðinu og hefur þar umboð umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða sýnatöku úr Geysi 13 og Geysi 9 vegna Vírus-X verkefnisins. Skimað er fyrir hitapolnum veirum og ensímum í erfðamengi þeirra. Sýnatakan er hluti af stærra verkefni. Sótt er um að taka vatnssýni úr Geysi 13 og Geysi 9 sem verður veirufilterað hjá Matís og skimað fyrir hitapolnum veirum.


Áhrifamat:


Umhverfisstofnun hefur metið það svo að sýnatakan komi ekki til með að hafa neikvæð áhrif á svæðið. Umhverfisstofnun gefur fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsókninni að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfið gildir frá 12. - 30. október 2016 og skal leyfishafi hafa samband við Umhverfisstofnun áður en áður en sýnatökur hefjast.
- Leyfishafi skal hafa bréf þetta meðferðis á meðan rannsóknir standa yfir á svæðinu.
- Sýnataka skal takmarkast við ofangerða lýsingu og öll frávik frá framkvæmdinni eins og henni er lýst hér að ofan skulu vera tilkynnt til Umhverfisstofnunnar.
- Óheimilt er að raska jarðmyndunum á svæðinu og brjóta hverahrúður.
- Öryggisins vegna eru starfsmenn Matís beðnir um að vera vel merktir, helst í áberandi vinnufatnaði, til að koma í veg fyrir að ferðamenn á svæðinu fylgi þeirra fordæmi og gangi utan öryggisgirðingar.

Umhverfisstofnun bendir leyfishafa á að hafa samráð við landeigandafélag Geysissvæðisins og upplýsa þá um rannsóknina og þau leyfi sem um hana gilda.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Lárus Kjartansson
Sérfræðingur